

Kennari:

Bryndís Ósk Bragadóttir
Kristín Björk Hallvarðsdóttir
Sigríður Heiða Sigurðardóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk, stöðvavinna, svæðavinna
og útikennsla.

Tímafjöldi:

6 kennslustundir

Bekkur:

2. bekkur.

Stærðfræði

Stærðfræði er allt í kringum okkur. Hún er svo samofin menningu og þjóðfélagsháttum að lágmarks kunnátta í henni er hverjum manni nauðsynleg til að takast á við daglegt líf, störf og til þess að skilja umheiminn. Hún tengist náíð tilraunum manna til að skilja heiminn en sýnir einnig mörg dæmi um frjálsa sköpunargáfu mannsins og hæfileika hans til að skapa nýjar hugmyndir. Megintilgangur stærðfræðináms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Lögð er áhersla á að styrkja jákvætt viðhorf nemenda til stærðfræði með fjölbreyttum verkefnum og að efla sjálfstraust nemenda til greinarinnar. Nemendur fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast veruleika þeirra og daglegu lífi. Með þeim hætti þróa þeir skilning sinn á stærðfræðihugtökum og notkun þeirra. Stærðfræðináms hjá hverjum einstaklingi er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum þróast á löngum tíma og fyrir margvíslega reynslu.

Kennslu í stærðfræði þarf að hafa þannig að nemendur fái áhuga á stærðfræði, að þeim áhuga sé viðhaldið og að nemendur öðlist tiltrú á eigin hæfni til að beita henni við margvíslegar aðstæður og leysa fjölbreytt viðfangsefni. Nemendur ættu að kynnast gildi stærðfræðinnar í daglegu lífi en einnig er mikilvægt að leggja áherslu á skemmtigildi greinarinnar. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausnir viðfangsefna er líkleg til að viðhalda áhuga. Hafa ber í huga að lítil börn sjá hlutina öðrum augum en fullorðnir og því þurfa börn að fá tækifæri til að leita eigin leiða til lausna. Kennsluaðferðir í stærðfræði eru fjölbreyttar til að styðja sem best við nám nemenda og koma til móts við mismunandi þarfir þeirra. Má þar nefna m.a. innlögn eða bein kennsla, para- og/eða hópverkefni, námsleikir, spil, þrautir, vinnubókarvinna, útikennsla, verklegar æfingar og þjálfunarforrit.

Hugtök				
Tölur og reikniaðgerðir	Tölfræði og líkindi	Rúmfræði og mælingar	Algebra	Tími
Samlagning Plús Bæta við Frádráttur Mínus Draga frá Summa Samtals Jafnt og Talnalína Oddatala Slétt tala Tvöfalt Helmingur Tugur Eining	Gögn Súlurit Flokkun	Sentimetri Metri Kílómetri Tvívíð form Sívalningur Ferstreningur Píramídi Kúla Keila Teningur Flatarmál Speglun	Leit að týndri tölu Óþekkt tala Óþekkt stærð	Klukkutími Hálftími Eftirmiðdagur Hádegi Í morgun Í kvöld Fyrradagur Fyrramálið Mánuðir Vikur/vikuheiti

Stærðfræði			
Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Tölur og reikniaðgerðir	Sproti 2a og 2b mms.is skolavefurinn.is Kubbar Peningar Tengingar Speglar Talnagrindur Klukkan Evolytes Stærðfræði undir berum himni	<ul style="list-style-type: none"> – lesið tölur upp í 100 – skrifað tölur upp í 100 – talið tugina (10, 20, 30...) – leyst samlagningardæmi með tölum upp í 100 – leyst frádráttardæmi með tölum upp í 100 – þekki innri tengsl samlagningar og frádráttar – þekki sléttar tölur og oddatölur – skipt tveggja stafa tölum í tugakerfi – þekki hugtökin samlagning, summa og jafnt og – þekki hugtökin frádráttur og mismunur – lesið af talnalínu – þekki hugtökin tvöfalt og helmingur – þekki sætiskerfi (einingar, tugir og hundrað) – sameinað tugi og einingar í eina tölu 	Innlagnir Lesið, spurt og spjallað Einstaklingsvinna Paravinna Hópavinna Námsleikir Spil Vettvangsferðir Hringekjuformið í stöðvavinnu

Tölfræði og líkindi	Leikur að læra vefur Púsl Spil	<ul style="list-style-type: none"> – safnað gögnum og flokkað þau – sýnt niðurstöður gagna í súluritum – lesið úr töflum og einföldum súluritum – þekkt súlurit, myndrit og flokkun 	
Rúmfræði og mælingar		<ul style="list-style-type: none"> – lesið heila og hálfan tímann af skífuklukku – þekkt hugtökin mánuðir, vikur og vikudagar – kunni vikudagana og röð þeirra – kunni mánaðarheitin og röð mánaða. – þekkt árstíðirnar – þekkt hugtökin hádegi, í morgun, í kvöld, fyrradagur og fyrramálið – þekkt hugtökin mínútur, hálf tími og klukkutími – þekkt hugtökin sentimetri, metri og kílómetri – þekkt algengustu tvívíðu formin og einkenni – þekkt hugtökin sívalningur, ferstrendingur, píramídi, kúla, keila og teningur – þekkt speglun – þekkt hvað felst í hugtökunum ummál og flatarmál – borið saman lengd og þyngd mismunandi hluta – staðsett hluti og lýst staðsetningu með því að nota staðsetningarhugtök, t.d. nálægt, fyrir ofan, hliðin á, vinstra megin o.fl. 	
Algebra		<ul style="list-style-type: none"> – fundið óþekkta upphafsstærð – fundið óþekktan hluta – lýst og haldið áfram með talnamynstur sem endurtekur sig, fer minnkandi eða stækkandi – búið til, lýst eða haldið áfram með einföld mynstur 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága